

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafirði

28. október 2025
UOS2501687/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2025 – ID 249

Þann 28. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arctic Smolt hf.. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Tromlusía í húsi 1 var biluð þegar eftirlit árið 2024 fór fram og því var frárennslisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt.
Ný tromlusía var sett upp sumarið 2025 og er frávikinu því lokað.
2. Frárennslislögnum skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennsli úr settjörn og úr húsi H1 rennur út í fjöru.
Framkvæmdum við frárennslislagnir lauk 20. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Tryggja þarf að öryggisblöð séu til staðar alls staðar þar sem efni eru annað hvort notuð eða geymd.

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Ársyfirlit barst eftirlitsaðila þann 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
2. Umhverfisupplýsingum skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Umhverfisupplýsingar bárust eftirlitsaðila þann 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

3. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Vítissódi er geymdur í geymi með ófullnægjandi lekavörn.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

sérfræðingur í teymi eftirlits

Kjartan Guðmundsson

sérfræðingur í teymi eftirlits